


# Sveinbjörn ferðabangsi í heimsókn hjá

Davíð Laufdal Arnarssyni 4. HL frá

22. - 26. apríl 2009.

Upphaflega átti Sveinbjörn að koma með okkur til Húsavíkur en svo breyttist ferðaáætlunin okkar og við fórum ekki. Mig langaði samt að bjóða Sveinbirni til okkar og bralla ýmislegt með honum.

Ég og fjölskylda mín byrjuðum á að fara með Sveinbjörn í smá útsýnisferð um Reykjavík. Auðvitað var byrjað á að kaupa ís í ísbúðinni Álfheimum og svo var haldið af stað og Sveinbirni sýndir ýmsir staðir eins og Höfði, Reykjavíkurhöfn, Gróttu, Laugarvegurinn, miðbærinn, tjörnin, Perlan,



Öskjuhlíðin og fleira og fleira.

Ég, Birkir bróðir og Sveinbjörn komnir í náttfötin.





Á föstudeginum fórum við í Hellisgerði með Sveinbjörn og sýndum honum þennan fallega garð og borðuðum nesti.

Á laugardaginn fórum við út að borða með Sveinbjörn og síðan fórum við á leikritið Fló á skinni og það var rosalega gaman, við hlógum svakalega mikið. Sveinbjörn skemmti sér svakalega vel.

Á sunnudaginn lögðum við af stað til Stokkseyrar til að sýna Sveinbirni bæði Draugasetrið og Álfa-trölla- og norðurljósa-safnið. Draugasafnið var klikkaðslega krípí og við Sveinbjörn urðum dauðskelkaðir. Fyrst löbbuðum við í gegnum svona tjöld og þar voru steinar og skrítnir úlfar. Gólfíð dúaði allt og við heyrðum íslensk draugahljóð. Við vorum alltaf viðbúin að eitthvað krípí gerðist. Síðan löbbuðum við yfir brú sem fór svo öll af stað, þaðan löbbuðum við að gömlu bílaverkstæði sem margt draugalegt var. En það sem hræddi okkur mest var maður sem var klæddur í gamaldags sjóaraföt sem kom á móti okkur og öskraði á okkur þegar við vorum að labba í gegnum tjöld. Eftir þessa miklu reynslu þá fórum við að skoða álfa og tröll á hinu safninu. Við heldum að það væri bara svona hefðbundið safn en annað kom á daginn. Það var ansi draugalegt



þarna líka og þegar við vorum að klára safnið þá sjáum við álf sitja á steini og við heldum að þetta væri bara stytta en svo stendur hann allt í einu upp og kemur á mótí okkur, þá brá okkur ansi mikið.

Eftir þessa hressandi skemmtun þá fengum við okkur að borða á veitingarstaðnum „Við fjöruborðið“ og héldum svo heim.

Davíð Laufdal Arnarsson

4.HL

